


Vorþýtur



Fréttabréf Þelamerkurskóla

Vorhátíðin 4. júní

Síðasti skóladagurinn okkar verður fimmtudaginn 4. júní en þá höldum við vorhátíð og eru foreldrar hjartanlega velkomin. Heimferð allra nemenda þann dag er kl. 12 og er frístund því ekki opin. Síðasta frístundaopnun vetrarins er miðvikudaginn 3. júní.

Dagskrá vorhátíðar:

8:45-10:15 Íþróttahús og sund
10:45-11:15 Skólaslit 1.-6. bekkjar
11:15-12:00 Grillaðar pylsur í boði og samvera með börnunum á leiksvæðinu.
12:00 Heimferð skólabíla.

Frístund 2026-2027

Skráning er hafin í frístund fyrir næsta skólaár. Sjá hlekk hér.



Skólaslitin 4. júní

Skólaslit 1.-6. bekkjar fara fram á vorhátíðinni 4. júní næstkomandi kl. 10:45 og verða í sal skólans.

Skólaslit 7.-9. bekkjar og útskrift nemenda 10. bekkjar fer fram í Hlíðarbæ 4. júní kl. 16:00.

Vordagarnir framundan

Við Þelamerkurskóla er rík hefð að leggja mikið upp úr vordögum okkar, hafa þá fjölbreytta, skemmtilega og láta þá reyna á ólíka færni nemenda. Einnig njótum við þess að vera úti en útiskólasvæðið okkar á Mörkinni er með því besta á landinu og er hvergi betra að vera þegar vorið gengur í garð.

Vordagarnir eru:

- Umhverfisdagurinn 15. maí
- Vorferðin 27. maí (heimferð kl. 16)
- Þelamerkurleikarnir 3. júní
- Vorhátíðin 4. júní.

ATH: Vorferðin verður farin 27. maí nk. og er tvöfaldur dagur. Heimferð allra nemenda er kl. 16 frá skólanum þann dag. Frístund verður ekki opin til kl. 16:15.

Innleiðing leiðsagnarnáms



Síðustu tvö skólaár höfum við unnið markvisst að innleiðingu leiðsagnarnáms í Delamerkurskóla undir handleiðslu Miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri. Við erum stolt af þeirri flottu vinnu sem hefur farið fram hjá okkur og hversu vel okkur hefur tekist að skapa námsmenningu sem skilar sér í enn betra skólastarfi. Á þessu skólaári höfum við haldið áfram að vinna með **hrós**, **þakkir**, **áhugahvöt**, **hugarfar vaxtar**, **námsvitund**, **seiglu**, **námsfélaga**, skýr viðmið og námsveggi. **Samræður í námi** og **endurgjöf sem leggur áherslu á árangur og framfarir** eru svo okkar síðustu verkefni á skólaárinu. Vinnan sem hefur átt sér stað hefur skilað miklu og hlökkum við til þess að vinna markvisst áfram með leiðsagnarnám í skólanum.

Fyrir árshátíðina okkar settum við upp sýningu á Torginu með samræðuhvetjandi verkefnum sem nemendu bjuggu til og gátu gestir spreytt sig á þeim. Það skiptir okkur miklu máli að öll sem að skólanum koma séu meðvituð um hvað við erum að vinna með hverju sinni og hvað við viljum standa fyrir sem er meðal annars sköpun, gleði, virk þátttaka og samvinna.

Nemendur veltu ýmsu fyrir sér!

Hvernig vitum við?

Hvað
Mormmar gæir

að fólk sé garna
lt

hvernig virkar
klósetið

hvernig virkar
Kenari

hvað fiskar
borða

borðar
Oh my

Hvað er
töskun

hvernig hvernig
virkar

Hvernig virgar dyr

Verkefni unnið af 2. bekk

... Breytast Manneskjur
aftur í
APA?

... Er maður
preyttur?

Hvænær...

... Kemur
BARA- Sáttmálinn
út?

Verkefni unnið af
nemendum í 6. bekk

Skjárinn og börnin - Evrópska geðheilbrigðisvikan

Í tilefni af evrópsku geðheilbrigðisvikunni var vakin athygli á þörf fyrir samstilltar aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum of mikillar og óvirkrar skjánotkunar. Óvirk skjánotkun er skilgreind þannig að notendur eru eingöngu í viðtakendahlutverki og vanvirkir við skjáinn, svo sem við að „skrúna“ (e. scrolling) og skoða myndefni, innlegg og skilaboð frá öðrum.

Rannsóknir sýna að óhófleg og vanvirk skjánotkun tengist verri andlegri heilsu, verri heilsuhegðun, styttri svefni, minni námsárangri og verri tengslum við skóla. Foreldrar, umönnunaraðilar og skólafólk er hvatt til að eiga opnar umræður við börn og ungmenni um málefni eins og:

- Að vera meðvituð á netinu.
- Eiginleika algórypmans við að stýra innihaldi á samfélagsmiðlum.
- Skilaboð og myndefni sem getur haft neikvæð áhrif á líðan og hegðun.
- Óheilbrigð samskipti á netinu.
- Skaðleg áhrif kyrrsetu sem getur fylgt óhóflegri skjánotkun.
- Hættur sem eru til staðar á netinu, s.s. skaðleg skilaboð um líkamsmynd, hreyfingu, matarvenjur og fæðubótarefni, veðmál og fjárhættuspil, innræting hatursfullra skoðana, kynferðisleg áreitni, ofbeldi og einelti.
- Heilbrigðar stafrænar venjur sem geta bætt heilsu og vellíðan.



Hvetjum til hreyfingar og stuðlum að samverustundum með fjölskyldu og vinum.

Styrkur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla og Lýðheilsusjóði



Á dögunum hlaut Þelamerkurskóli veglegan styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til heilsueflingar í starfi fyrir skólaárið 2026-2027. Auk þess hlutum við styrk frá Lýðheilsusjóði til að halda áfram með innleiðingu heilsulæsis í grunnskólum en Þelamerkurskóli hefur tekið að sér að vera forystuskóli á Íslandi og mun leiða verkefnið. Við erum gríðarlega stolt og þakklát að hafa hlotið þessa styrki og verða þeir vel nýttir til heilsueflingar starfsfólks og nemenda.

Lokahátíð upplestrarkeppninnar

Nemendur í 7. bekk hafa í vetur lagt mikla rækt við upplestur og framsögn en á ári hverju tökum við þátt í Stóru upplestrarkeppninni ásamt skólum á Norðurlandi. Lokahátíðin fór fram í Ólafsfirði og voru Rakel Eva Vilhjálmsdóttir og Dagur Snær Agnarsson fulltrúar Þelamerkurskóla. Þau stóðu sig með þrýði, voru öryggið uppmálað, lásu skýrt og greinilegt að þau mættu vel undirbúin til leiks. Rakel hreppti þriðja sætið og óskum við bæði Rakel og Degi innilega til hamingju með frábæran árangur.



Árshátíðin okkar

Árshátíðin okkar fór fram 26. mars sl. fyrir fullu húsi og gekk ljómandi vel. Við erum afar hreykin af nemendum okkar og starfsfólki en það er lýsandi fyrir kröftugt skólastarf og samtakamátt þegar öll leggjast á eitt að koma jafn flottri árshátíð og þessari á koppinn. Það að koma fram á árshátíð fyrir framan fullt hús er sigur fyrir marga nemendur og í því felst mikill lærdómur. Nám á sér stað við allar aðstæður og er undirbúningur og sýning árshátíðar engin undantekning. Við þökkum ykkur öllum kærlega fyrir komuna og alla aðstoð sem þið veittuð við frágang og undirbúning. Svona verkefni gengur ekki upp nema með öflugum skólasamfélagi sem við getum svo sannarlega státað okkur af. Takk!

Hérna eru myndir frá árshátíðinni.

Hér eru myndir frá undirbúningi og generalprufu.



Skólahreysti 2026

Mikið stuð og stemning var í íþróttahöllinni á Akureyri 29. apríl sl. þegar Skólahreysti fór fram. Lið Þelamerkurskóla stóð sig virkilega vel og var mikil gleði í hópnum, bæði hjá liðinu og græna hvatningaliði Þeló. Í liði Þelamerkurskóla þetta árið voru Tanja Björt, Hector Leví, Ylva Sól og Heiðar Aron. Varamenn voru Áróra Heiðbjört og Rafael Hrafn. Við þökkum fyrir frábæra mætingu á áhorfendapallana og mikla stemningu. Til hamingju Tanja, Hector, Ylva og Heiðar með góðan árangur!

Hérna eru fleiri myndir frá gleðinni.



Við minnum á heimasíðu skólans en þar koma reglulega inn fréttir af okkar líflega skólastarfi

Innritun er hafin í Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Ýtið hér til að lesa nánar um námið sem er í boði.



Hæfileikakeppnin Fiðringur

Fiðringur á Norðurlandi var haldinn í Hofi miðvikudaginn 6. maí. Keppnin fór fram í fimmta sinn núna og mættu níu skólar af Norðurlandi til leiks.

Fyrir hönd Þelamerkurskóla tóku Arnsteinn Ýmir, Efemía Birna, Tinna Margrét, Ylva Sól, Ingveldur Myrra, Hrafney Krista, Hjördís Emma, Júlían Míó, Heiðar Aron, Rafael Hrafn, Sigurður Sölvi og Ragnheiður Klara þátt með atriðið Heimur batnandi fer. Atriðið fjallaði um það hversu margt hefur breyst til batnaðar í heiminum þrátt fyrir að fjölmiðlar einblíni gjarnan á hið neikvæða.

Atriði keppenda eru alfarið hugarsmíð nemenda og mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og lýðræðisleg vinnubrögð. Nemendur útfæra atriðið sjálf, allt frá búningum, leikmynd, ljósum, sviðshreyfingum og hljóði. Keppendur unnu undir handleiðslu Sillu umsjónarkennara á miðstigi þessa önnina og þökkum við henni kærlega fyrir hennar framlag.

Sjá má keppnina í heild sinni hér en atriði Þelamerkurskóla er númer tvö.



1. maí hlaupið

Híð árlega 1. maí hlaup fór fram í blíðu veðri á Þórsvellinum á Akureyri. 29% nemenda Þelamerkurskóla tóku þátt í hlaupinu sem gerði það að verkum að skólinn vann þátttökukeppni í hópi stærri grunnskóla. Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn er hluti af stærri skólum.



Hérna er frétt frá UFA og myndir af viðburðinum.

Flottur hópur nemenda sem tók þátt í hlaupinu með bikarinn sem skólinn fékk til eignar

Samspil blástursnema án landamæra – alþjóðlegt samstarf

Í vetur hafa nemendur í 3. og 4. bekk tekið þátt í tilraunaverkefni að efla áhuga á blásturshljóðfærum en þau mæta í tvo samspilstíma á viku, hafa spilað á tónleikum og komið fram á árshátíðinni. Verkefnið hefur vakið mikla athygli og lukku en ákveðið hefur verið að halda verkefninu áfram næsta skólaár. Á dögnum fékk Hörgársveit veglegan Erasmus+ styrk vegna alþjóðlegs verkefnis sem fram fer í Noregi á næsta ári og verður þá hluta brasssveitar Þelamerkurskóla boðið til þátttöku þar. Það eru því spennandi tímar í vændum í brassheiminum!




Tilnefning til foreldraverðlauna Heimilis og skóla

Skíðaskóli Þelamerkurskóla er tilnefndur til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Skíðaskólinn er framúrskarandi verkefni sem vakið hefur landsathygli. Hjálpsemin og krafturinn í foreldrahópnum er einstakur og megið þið svo sannarlega vera stolt af þessari tilnefningu og taka hana til ykkar. Verðlaun verða veitt í næstu viku og hver veit nema Þelamerkurskóli hreppi verðlaunin þetta árið :)

Herramenn og Ungfrúr í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk hafa staðið í ströngu við bókaútgáfu síðustu daga og fengu það verkefni að skapa sinn Herra eða Ungfrú að eigin vali. Virkilega skemmtilegar og vel gerðar bækur hjá börnunum.



Anna Rósa skólustjóri kveður

Kæru foreldrar og aðstandendur barna í Þelamerkurskóla.



Ég færi ykkur kærar þakkir fyrir frábært samstarf á liðnum árum en síðustu tvö skólaár hafa verið lærdómsrík, gefandi og skemmtileg. Ég er afar þakklát fyrir góða samvinnu, alla jákvæðnina og velvildina sem þið berið í okkar garð en það er alls ekki sjálfsagt að hafa jafn öflugt samfélagið á bak við sig og þið sýnið okkur hér í skólanum. Saman stöndum við á bak við fallett og metnaðarfullt skólastarf þar sem hvert barn fær notið sín í leik og starfi. Ég kveð skólann eftir 21 ár með þakklæti í hjarta og verður Þelamerkurskóli, að mínu mati, ávallt besti skólinn á landinu. Takk fyrir allt en ég hlakka til að fylgjast með skólanum og nemendum vaxa og dafna.



Sumarkveðja frá starfsfólki Þelamerkurskóla

Bestu þakkir fyrir gott skólaár en við hlökkum til að hitta ykkur og börnin í haust. Takk fyrir veitta aðstoð á viðburðum, góða samvinnu og alla gleðina sem þið og börnin ykkar færið okkur. Við hvetjum ykkur til að fjölmenna á vorhátíðina okkar og ef þið viljið spreyta ykkur á Þelamerkurleikunum þá er það ávallt velkomið.

Bestu kveðjur út í sumarið. Takk fyrir skólaárið 2025-2026.

Skóladagatal 2026-2027 hefur verið samþykkt og má finna [hér](#).